



GREEN LEAGUE
Sport Alliance for the Environment

Ferilsathuganir

Hagnýt dæmi um umhverfisvænni íþróttaiðkun



Þakkir

Þessi bók er afurð *Erasmus+sport* projekts “Green League – sport Alliance for the Environment”

Samstarfsaðilar:

- CESIE, Ítalía, Vivi Sano Onlus, Ítalía,
- Zavod APGA, Slóvenía,
- Kentro Merimnas Oikogeneias Kai Paidiou (KMOP), Grikkland,
- EINURÐ EHF, Ísland,
- Cardet- Centre For The Advancement Of Research & Development In Educational Technology Limited (CARDET), Kýpur,
- Out of the Box International (OTB), Belgía.

Ritstjórn: APGA

Höfundar:

- APGA, Agenija za promocijo gibalnih aktivnosti, Slóvenía,
- CARDET, Kýpur,
- ESIE, Ítalía,
- EINURÐ, Ísland,
- KMOP, Grikkland,
- OTB, Belgía
- VIVI SANO ETS, Ítalía

Eintak: rafrænt

Tilvísunarnúmer verkefnis: 101050262-Green League-ERASMUS-SPORT-2021-SP



This work is licensed under a [Creative Commons Attribution-NonCommercial-ShareAlike 4.0 International License](https://creativecommons.org/licenses/by-nc-sa/4.0/).



ÍÞRÓTTA- OG UMHVERFISFRAMTAK Í EVRÓPU



VERKEFNI 1:UMHVERFISSTJÓRNUN Á KNATTSPYRNUVIÐBURÐUM

MARKMIÐ

Auka umhverfisvitund og bæta ferli á knattspyrnuleikjum.

MARKHÓPUR

Knattspyrnusambönd (sbr. KSÍ og sambærilegar stofnanir).

LANDSVÆÐI

Evrópa. Frumprófanir áttu sér stað í:

- Aviva (Írland)
- Stadio Luigi Ferraris, Stadio Olimpico, S.P.A.L., and Renzo Barbera (Ítalía)
- Stadionul Anghel Iordănescu and National Arena (Rúmenía)
- King Baudouin (Belgía)
- Friends Arena and Tele2 Arena (Svíþjóð)
- Benito Villamarín (Spánn)
- Dragao stadium (Portúgal)

HREYFING VERKEFNIS

Knattspyrna.

HAGSMUNA- OG SAMSTARFSADILAR

Skipulagsstjórn innan knattspyrnusambanda viðkomandi ríkja.

Meðlimir skipulagsstjórnar:

- Sant'Anna School of Advanced Studies - Aðalumsækjandi (Ítalía)
- AR+ (Belgía)
- AMIU Genova S.p.A. (Ítalía)
- EURATIV.OM LTD (Stóra-Bretland)
- Federazione Italiana Giuoco calcio (Ítalía)
- Federația Română de Fotbal (Rúmenía)
- Lipor (Portúgal)
- Svenska Fotbollförbundet (Svíþjóð)

HEIMILDIR

https://lifetackle.eu/assets/files/B_5_3_Report_about_the_lessons_learned_replicability_from_the_pilot_tests_Ver_1.pdf

<https://lifetackle.eu/actions/action/fans-and-supporters-information-and-awareness-raising>

<https://lifetackle.eu/actions>

INNGANGUR OG AÐFERÐARFRÆÐI



Umhverfisvitund aðdáenda hefur aukist til muna, sem og stjórn félaga þegar kemur að málefnum umhverfisvanda á borð við sorphirðu, orkunotkun, vatnsnotkun, vistvæn innkaup.

Þær viðmiðunarreglur sem settar voru saman árið 2019 innihalda hátt í 100 aðferðir í skipulagningu á íþróttaviðburðum, þ.m.t. knattspyrnuleikjum. Farið er yfir hin ýmsu málefni hvað varðar umhverfið og hvernig hægt er að halda úti leikjum á vistvænni hátt.

ÁSKORANIR

Roi Baudouin/Koning Boudewijn völlurinn í Brussel: lítil tími fyrir sorphirðu og skipulagningu á sorphirðu og flokkunarkerfi.

Dragão völlurinn í Porto: meira fjármagn þurfti til að halda áfram með verkefnið og til þess að stuðla að vistvænni framsetningu knattspyrnuleikja. Það var þó forgangsatriði hjá stjórninni og fjármagnið fannst til þess.

ÁHRIF

Roi Baudouin/Koning Boudewijn völlurinn í Brussel: nýja flokkunarkerfið stuðlaði að því að um 120 kíló af umbúðum fóru í endurvinnslu í stað almenns sorps.

Aviva völlurinn í Dublin: endurnýtanlegu glösin sem voru innleidd minnkuðu útblástur sem nam u.þ.b. 2 tonnum af koldíoxíði en 52360 glös voru endurnýtt og sent í þrif.

Luigi Ferraris í Genf: endurvinnsla meira en fjórfaldaðist úr 7,7% árið 2018 í 32,9% árið 2019 eftir að frumprófun verkefnisins hafði átt sér stað. Stjórn vallarinnis gaf mat til góðgerðarstarfsemi sex sinnum og gaf yfir 170 kíló af mat.

SJÁLFBÆRNI

Hluthafar gætu farið í samstarf við ríkisstjórn eða sveitarstjórn, fengið aðstoð frá aðdáendum knattspyrnufélagana eða styrktaraðila til að stuðla að sjálfbærni verkefnisins.

YFIRFÆRSLA

Liðir verkefnisins voru teknir saman og útlistaðir samkvæmt möguleika á yfirfærslu:

Endurvinnsla (miðlungs-háar líkur á yfirfærslu): Það sorp sem fylgir íþróttaleikjum, bæði matarleifar og annað er hægt að telja með því sorpi sem kemur frá heimilum og verslunum. Innleiðing flokkunartunna á íþróttaleikvangana, bæði á almenningsvæðum sem og svæði starfsfólks svo alls staðar sé flokkað. Til þess að innleiða flokkunarkerfi á leikvangana þarf samstarf við skipuleggjendur, rekendur og eigendur þeirra.

Endurnýtanleg glös (miðlungs-há yfirfærsla): dreifing endurnýtanlegra glasa með skilagjaldi. Reynsla fyrirtækisins sem tók þátt í verkefninu reyndist mjög mikilvæg og því veltur yfirfærsla verkefnisins á þátttöku slíks fyrirtækis.

NIÐURSTÖÐUR OG LÆRDÓMUR

Þegar tekið er mið af þeim gríðarlega fjölda knattspyrnuleikja innan Evrópusambandsins má gera ráð fyrir að um 750,000 tonn sorps komi frá þeim viðburðum.

Í sumum tilfellum voru engar ráðstafanir gerðar fyrir sorphirðu, þ.e. ekkert sorp flokkað eða endurunnið, eða þá að mjög léleg kerfi hafi verið til staðar eða að þau sem eru til staðar séu ekki nýtt. Í þeim tilfellum ætti að endurskoða sorphirðu.

Til þess að ná sem mestum árangri í vistvænni sorphirðu á leikvöngunum er brýnt, bæði að kenna og þjálfar starfsfólk leikvangsins í þeim efnum. Þekking er lykilatriði í vistvænni sorphirðu. Sömuleiðis þurfa allir hluthafar verkefnisins að vinna saman til að ná sem bestum árangri.

VERKEFNI 2: SJÁLFBODALIÐAR GRÆNNI ÍPRÓTTAVIÐBURÐA

MARKMIÐ

Að veita öðrum íþróttafélögum grunnþekkingu á umhverfinu og íþróttum og dæmi um vistvæna hreyfingu með sjálfbodaliðum.

MARKHÓPUR

Íþróttafélög og hagsmunaaðilar þeirra.

LANDSVÆÐI

Landsliðsvöllur Eistlands, Vilnius leikvangurinn í Litháen, Ghent and Leuven í Belgium, Malta.

HREYFING VERKEFNIS

Ýmis hreyfing.

HAGSMUNA- OG SAMSTARFSADILAR

Targeted to sport and environmental organizations

- Asoiación Eoserveis (Spánn) - Samhæfingarstjóri
- Eesti Jalgpalli Liit (Eistland)
- European Non-governmental Sports Organisation (Svíþjóð)
- Assojazzjoni tal-Futbol ta' Malta (Malta)
- Lietuvos futbolo federacija (Litháen)
- Voetbal Vlaanderen (Belgía)

Hægt er að virkja ungt fólk sem tekur ekki þátt í íþróttum með því að einblína á umhverfisþáttinn og hvatt þau til að iðka íþróttir.

HEIMILDIR

<https://www.ecoserveis.net/wp-content/uploads/2021/03/PLAYGREEN-Pedagogical-Materials-EN-1.pdf>

https://www.ecoserveis.net/wp-content/uploads/2021/03/Guideline_environmental_sport_EN.pdf

<https://www.ecoserveis.net/wp-content/uploads/2021/03/PLAYGREEN-Study-Sustainability-and-Sport.pdf>

INNGANGUR OG AÐFERÐAFRÆÐI

Rannsóknir benda til þess að kvenfólk er líklegra til þess að taka þátt í aðgerðum í þágu umhverfisins. Á hinn bóginn eru karlmenn líklegri til að taka þátt í íþróttum. Hugmynd verkefnisins er að tengja þessa tvo þætti og fá sem flesta til að taka þátt í vistvænum íþróttaviðburðum.

Sjálfbodaliðum var boðin kennsla í gegnum fjarkennslu (webinars) og æfingar. Það var gert til að undirbúa þátttakendur í þeim viðburðum sem búið var að skipuleggja og áttu sér stað á milli júní og nóvember 2020.

Rannsókn á sjálfbærni íþróttar var framkvæmd. Viðtöl voru framkvæmd og kannanir lagðar fyrir þátttakendur um hvernig hægt er að nýta umhverfisvernd til að ná til ungs fólks. Áhrif þess að

innleiða meiri umhverfisvitund í grasrótahreyfingu íþróttafélaga voru skoðuð og hvernig það getur haft áhrif á umhverfið.

ÁSKORANIR

COVID-19 faraldurinn hafði áhrif á allt verkefnið þar; leikjum var frestað og breytt. Hvað sjálfbóðaliðana varðar þá reyndist mikilvægt að bjóða einhver verðlaun til að hvetja fólk til þess að vinna.

ÁHRIF

Verkefnið sýndi að 51,5% þeirra sem tóku þátt tóku að iðka íþróttir vegna verkefnisins. Þær niðurstöður benda til þess að verkefnið hafi náð sínum markmiðum, þ.e. að hvetja fólk til að taka þátt í íþróttum í gegnum sjálfbóðaliðastarf í þágu umhverfisins. Þar að auki voru 24% sjálfbóðaliða sem sögðust ekki vita af eða gerðu sér ekki grein fyrir áhrifum íþróttaviðburða á umhverfið. Aðrir þátttakendur gerðu sér grein fyrir áhrifunum og nefndu sér í lagi þann úrgang sem fylgir ferðalögum (plast), efni, vatn og orku sem fer í að halda slíka íþróttaviðburði.

SJÁLFBÆRNI

Með þátttöku styrktaraðila sem deila þeirri hugsjón að vernda umhverfið og sporna við hlýnun jarðar er hægt að halda verkefninu gangandi.

Hvað mannauð varðar þarf bæði þjálfara og sjálfbóðaliða svo verkefnið gangi.

YFIRFÆRSLA

Verkefnið er hægt að yfirfæra á hvaða land sem er:

- Flæmska knattspyrnusambandið hefur innleitt mót sem byggir á öðru móti sem þegar er til staðar og kallast VOETRIBAL.
- Í Eistlandi er fótbolti vinsælasta íþróttin og með því að nýta sér knattspyrnu í verkefninu var hægt að ná miklum árangri.
- Knattspyrnusamband Litháen nýtti sér verkefnið og þær takmarkanir sem voru til staðar vegna COVID-19 til að undirbúa umhverfisvænni kosti enn frekar.

NIÐURSTÖÐUR OG LÆRDÓMUR

Með góðu verklagi og fjármagni getur hvaða íþróttafélag sem er þjálfað sjálfbóðaliða sem efla vistvæna framkvæmd íþróttaviðburða.

"In our Malta FA pilot project, we noticed that participants were more likely to engage in physical onsite events which involved a number of activities and social networking rather than facing a computer on an online event on their own" - Peter Busuttill.

Það er mjög mikilvægt að vera í stöðugu sambandi við sjálfbóðaliðana, t.d. með Skype eða Teams, en einnig er mikilvægt að hitta þá augliti til auglitis.

Sjálfbóðaliðarnir þurfa áþreifanlegt markmið, sjónarmið og tímaramma til að halda þeim gangandi. Með því að láta sjálfbóðaliðum líða eins og hluti af liðsheild, t.d. með því að deila á samfélagsmiðlum og fjölmiðlum áhrifum þeirra, myndum teknum af þeim sem einni liðsheild, hefur góð áhrif.

Með því að nýta sér ungt fólk sem leiðtoga og leiðbeinendur geta þeir ungu sjálfbóðaliðar sem taka þátt tengt betur við stjórnendur.

VERKEFNI 3: EVRÓPSK UMHVERFISKENNLSLUTÓL VATNSÍÞRÓTTA UTANDYRA

MARKMIÐ

Markmiðið er að fjölga hæfum atvinnuöðnum í vatnsíþróttum, sem hafa sterka tengingu við svæði til að stunda vatnsíþróttir utandyra og eru meðvitaðir um vandamál tengd vatni.

MARKHÓPUR

Leiðsögumenn í flúða- og kajaksiglingum.

LANDSVÆÐI

Trento (Ítalía), Slunj (Kroatía), and Straža (Slóvenía).

HREYFING VERKEFNIS

Flúða- og kajaksigling.

HAGSMUNA- OG SAMSTARFSADILAR

- Comunità della Val di Sole (Ítalía)
- Kajak Kanu klub "Rastoki mlinari" (Kroatía)
- Rafting Club "Gimpex Straza" (Slóvenía)
- Federazione Italiana Rating (Ítalía)

HEIMILDIR

<https://bewater toolkit.tumblr.com/>

INNGANGUR OG AÐFERÐARFRÆÐI

Be Water er evrópskt verkefni (stutt af Erasmus+) sem hefur það að sjónarmiði að auka og nýta vatnsíþróttir utandyra sem tól bæði til kennslu og til að vekja athygli á þeim vandamálum sem steðja að.

Markmið verkefnisins eru:

- Mennta hagsmunaaðila og ferðamenn um íþróttir utandyra, á sjálfbæran hátt, og benda á þá umhverfisvanda sem blasa við.
- Styðja vatnsíþróttir og viðburði utandyra fyrir ríkisborgara, sem tekur mið af viðmiðum Evrópusambandsins og Alþjóðlegu Ólympíunefndarinnar um líkamsrækt og íþróttir, umhverfið og sjálfbæra þróun meðal íbúa og ferðamanna, bæði innan og utan þess svæðis sem verkefnið tekur sér stað.

ÁSKORANIR

N/A

ÁHRIF

Þrjár tegundir *menntapakka* voru unnar og prófaðar.

Fyrsti mennta pakkinn einblíndi á ferðamenn og íþróttafólk sem leitaði að adrenalín skemmtun á Ítalíu; næsti tók mið af íbúum, sér í lagi unglíngum, í Kroatíu; og sá þriðji var framleiddur fyrir skóla í Slóveníu.

Með því að setja þetta upp á þennan hátt var hægt að ná til ríkisborgara, ferðamanna og skóla í menntun umhverfisins.

SJÁLFBÆRNI

Viðtöl sem voru tekin undirstrikuðu þá umhverfisvanda sem steðja að, bæði úr viðtölum við þjálfara og þátttakendur. Þær niðurstöður benda til þess að hægt sé að víkka verkefnið og niðurstöður þess (annað landsvæði, aðrar ár, aðrir leiðsögumenn, o.s.frv.).

YFIRFÆRSLA

Sá möguleiki að nýta sér hreyfingu utandyra (s.s. kajak, flúðasiglingu, vatnsleki, o.s.frv) sem kennslutól; vekja athygli á þeim vandamálum sem umhverfið stendur frammi fyrir, bæði meðal þátttakenda og annarra, hefur reynst gagnlegur og vel tekið á móti honum.

NIÐURSTÖÐUR OG LÆRDÓMUR

Verkfærasettið (e. toolkit, af vefslóðinni bewater toolkit.tumblr.com) er samansafn myndbanda og upplýsinga sem tengja saman siglingar á kanó, kajak og flúðum við vistfræði og vekja athygli á staðbundnum og alþjóðlegum vandamálum tengdum vatnsnotkun.

Einingarnar 6 fara ítarlega yfir ýmis málefni sem tengjast ám og náttúrunni; góða vatnsnotkun; hnattræna hlýnun; nýtingu á ám og mögulegum ágreiningi; líffræðilegum fjölbreytileika; lífríki í og um ár; og frásagnaraðferðir fyrir leiðsögumenn á ánum.

Félagsleg áhrif verkefnisins voru mæld á tvo vegu, með eiginlegri og megindlegri greiningu.

Eiginleg greining var unnin með viðtölum við 30 leiðsögumenn, hluthafa og samstarfsmenn verkefnisins.

Ítalska flúðasiglingafélagið telur að innleiðing framkvæmdaáætlunarinnar, bæði þjálfunar og kennslu, hafi haft jákvæð áhrif: "The Environmental issue has become a very important term as it not only implies having knowledge about the environment, but also moral values and necessary education to solve environment related problems in our dynamic world" - Matteo Beniolini, forseti Ítalska flúðasiglingarfélagins.

VERKEFNI 4: SJÁLFBÆRNI OG ÍPRÓTTIR - HVATNING UNGS FÓLKS TIL BREYTINGA

MARKMIÐ

Deila bestu aðferðum meðal fólks.

MARKHÓPUR

Stofnanir sem nýta íþróttir og hreyfingu sem kennslutól fyrir ungmenni og fullorðna um mikilvægi náttúrunnar, verndun hennar og að grípa til aðgerða gegn hnattrænni hlýnun.

LANDSVÆÐI

Verkefnið er unnið á mörgum svæðum, þ.á.m. eru þjálfunarbúðir í Tókýó (Japan). Unnið var að auglýsingu verkefnisins í Japan, Senegal, og Frakklandi, og skiptiverkefni fyrir ungmenni í Dakar (Senegal) og lokaráðstefna í París (Frakklandi).

HREYFING VERKEFNIS

Ýmis hreyfing

HAGSMUNA- OG SAMSTARFSADILAR

- ENGSO Youth (verkefnastjóri, gjörvöll Evrópa, félagasamtök ungmenna)
- Educational Foundation of Kokushikan (Japan)
- University of Physical Education (Ungverjaland)
- Senegalese Olympic and Sports Committee (Senegal)
- Sport and Citizenship (Frakkland)

HEIMILDIR

<http://sport4sd.com/>

<http://sport4sd.com/wp-content/uploads/2020/11/Sport4SD-toolkit-draft-version-v3.pdf>

NNGANGUR OG AÐFERÐAFRÆÐI

Þeir sem tóku þátt í verkefninu Sport for Sustainable Development hafa gripið til aðgerða til að benda á hvernig íþróttir geta stuðlað að öllum 17 þróunarmarkmiðum sjálfbærni og hvernig ungt fólk getur haft jákvæð áhrif á framtíð umhverfisins og sjálfbæra þróun meðal ríkisborgara og ferðamanna, bæði innan sem utan verkefnasvæðinu.

Verkefnið byggir á þeirri þörf fyrir þróun á íþróttamiðuðu kennslufni á sjálfbærni, og leggur áherslu á þau tækifæri sem stórir íþróttaviðburðir, s.s. ólympíuleikarnir, bjóða upp á. Íþróttir tengja saman fólk með ólíkan bakgrunn en er einnig nýtt sem kennslutól í baráttu fyrir sjálfbærri þróun.

Undirbuningsvinna hófst í lok 2019 og verkefnið fór af stað í mars 2020. Verkefnið er enn í gangi en mikið þurfti að endurskipuleggja og breyta vegna COVID-19 faraldursins. Vegna þess áttu skiptiverkefni ungmenna sér ekki stað fyrr en í maí 2022 í Senegal og þjálfunarbúðirnar í Japan í september 2022.

ÁSKORANIR

Vegna COVID-19 faraldursins þurfti að endurskipuleggja megnið af verkefninu og sumt þurfti að vinna á netinu.

ÁHRIF

Framtakið tengdi saman leiðtoga ungmenna, þjálfara, starfsfólk félagasamtaka og illa stödd ungmenni frá þremur heimsálfum. Æfingar verkefnisins stuðluðu að aukinni færni ungra þátttakenda til að nýta sér íþróttir sem tól fyrir sjálfbæra þróun.

Í verkefninu hafa margir nú þegar tekið þátt: 120 ungmenni: leiðtogar í íþróttum, höfundar stefnumála, hagsmunaaðilar á sviði menntunar, ungmenna og íþróttar; 30 íþróttabjálfarar, ungmennaleiðtogar, fólk sem vinnur með ungmennum, starfsfólk félagasamtaka sem hefur verið þjálfað sem sendiherrar sjálfbærra íþróttar; yfir 500 ungmenni

SJÁLFBÆRNI

Þar sem verkefnið er unnið í mörgum löndum í samstarfi var hægt að deila þekkingu og styrkja tengsl milli landa og auka möguleika á frekari aðgerðum.

YFIRFÆRSLA

Forsenda verkefnisins er vel hægt að yfirfæra á aðra viðburði. Auglýsing sjálfbærrar þróunar getur virkað sem tól til að efla ungt fólk með aðstoð íþróttahreyfinga.

NIÐURSTÖÐUR OG LÆRDÓMUR

Nýtings viðburðar líkt og ólympíuleikanna veitti góðan vettvang til að virkja ungt fólk til að nýta sér íþróttir sem miðil til að kynna kennsluefnið fyrir öðrum.

Samspil reynslu starfsfólksins og akademíska bakgrunns þeirra bjó til þann möguleika fyrir verkefnið að þróast og færast áfram á skilvirkan hátt. Allt frá verkefnastjórnun og samskiptum til ungmennavinnu og boðun málstaðarins.

Óformlegt íþróttamiðað nám og þróunarvinna sjálfbærni sem var stjórnað af ungmennum voru tveir lykilþættir verkefnisins þar sem það veitti ungu fólki þann möguleika að vera höfundar og framlagsveitendur þess. Ungmennin gátu þar að auki tryggt notkun á afurðum verkefnisins í sínum eigin hringjum, meðal annarra ungmenna.

Þetta samspil, ásamt þeim áhrifum sem hver og einn þátttakandi hefur í sínum hringjum, hefur reynst ómetanlegt í að halda verkefninu gangandi eftir að því hefur formlega verið lokið.

Fjölbreytileiki þeirra sem komu að verkefninu, bæði menningarlegur (komu frá nokkrum heimsálfum) og eftir sviði (ungmennafélög, íþróttafélög, rannsóknarmenn og fólk úr menntastofnunum) var einnig lykilþáttur í að tryggja nauðsynlega þekkingu á málefni.



Funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them. [Project Number: 101050262]